

FÉLAGSDÓMUR

Dómur mánudaginn 28. júní 2021.

Mál nr. 8/2021:

Flugvirkjafélag Íslands

(*Jón Sigurðsson lögmaður*)

gegn

Íslenska ríkinu

vegna Landhelgisgæslu Íslands

(*Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður*)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 14. júní sl.

Málið dæma Kjartan Bjarni Björgvinsson, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Lára V. Júlíusdóttir og Jónas Friðrik Jónsson.

Stefnandi er Flugvirkjafélag Íslands Borgartúni 22 í Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið vegna Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Í málinu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

Að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið í bága við gr. 2.1 og 2.1.2 í kjarasamningi milli stefnanda og stefnda, dags. 17. febrúar 2021, með því að hafa gefið tilteknum flugvirkjum Landhelgisgæslu Íslands fyrir mæli um að fara til útlanda til vinnu þar á vegum stefnda, án þess að fyrir lægi samkomulag og skriflegt samþykki samningsaðila kjarasamnings þar um.

Að stefndi, íslenska ríkið, eða eftir atvikum Landhelgisgæsla Íslands, verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda

- 2 Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda.

Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt mati dómsins en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir

- 3 Kjarasamningur milli málsaðila rann út 31. desember 2019. Í 8. kafla þess samnings var fjallað sérstaklega um vinnu fjarri föstum vinnustað en í ákvæði 8.1 sagði að fastur vinnustaður flugvirkja Landhelgisgæslunnar væri í Reykjavík og að flugvirkjum

skyldu tryggðar að lágmarki fjórar stundir í yfirvinnu hvern virkan dag þegar unnið væri fjarri föstum vinnustað. Jafnframt var kveðið á um að flugvirkjar skyldu fá frítt fæði og gistingu þegar unnið væri fjarri föstum vinnustað.

- 4 Í 9. kafla sama kjarasamnings var einnig fjallað um ferðalög, staðsetningu og aðsetursskipti flugvirkja. Í ákvæði 9.1 sagði að ekki væri hægt að skylda flugvirkja til að starfa utan ráðningarstaðar og í ákvæði 9.2 var kveðið á um að ekki skyldi ætla flugvirkja lengri útivist en 30 daga í senn nema sérstaklega væri samið um það við stefnanda.
- 5 Í ákvæðum 9.3 til 9.7 kjarasamningsins var síðan fjallað um kjör við flugvirkjastörf erlendis á vegum Landhelgisgæslunnar. Var þar meðal annars kveðið á um að heimilt væri að láta flugvirkja vinna sjö daga vinnuviku með óreglulegum vinnutíma eða samkvæmt ákveðinni vaktaskrá og skyldi honum þá greitt 33% vaktaálag á viðkomandi aldursskala, auk 16,67 yfirvinnutíma á mánuði. Í ákvæði 9.4 var mælt fyrir um að ferðatími greiddist með 33% álagi á dagvinnu, en samkvæmt ákvæðinu var ferðatími skilgreindur sem sá tími sem flugvirki ferðaðist milli áfangastaða vegna vinnu sinnar.
- 6 Í kjölfar þess að kjarasamningurinn rann út hófust kjaraviðræður milli aðila sem stefnandi vísaði til ríkissáttasemjara með bréfi, dags. 15. maí 2020. Fór svo að stefnandi boðaði til verkfalls sem hófst 6. nóvember 2020.
- 7 Með setningu laga nr. 122/2020, um kjaramál flugvirkja Landhelgisgæslu Íslands, sem tóku gildi 28. nóvember 2020, var hins vegar bundinn endir á verkfallið. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna voru verkfallsaðgerðir stefnanda gagnvart stefnda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, svo og frekari vinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir félagsins sem ætlað var að knýja fram aðra skipan kjaramála en kveðið væri á um í lögnum, óheimilar frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms samkvæmt 2. gr. laganna.
- 8 Í 1. mgr. 2. gr. laganna var enn fremur kveðið á um að ef fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd stefnda og stefnandi hefðu ekki undirritað kjarasamning fyrir 4. janúar 2021, vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, skyldi gerðardómur ákveða kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni fyrir 17. febrúar 2021. Var þar jafnframt mælt fyrir um að ákvarðanir gerðardóms skyldu vera bindandi með sama hætti og kjarasamningur á milli aðila og gilda þann tíma sem gerðardómur ákvæði.
- 9 Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna var gerðardóminum gert meta hvort útfærsla kjarasamnings stefnanda og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd stefnda, vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, skyldu vera í samræmi við fyrirkomulag annarra starfsstétta hjá stofnuninni, að teknu tilliti til inntaks starfa og rekstrarumhverfis, eða hvort útfærslan skyldi sjálfkrafa taka mið af fyrirkomulagi annarra sambærilegra starfsstétta á almennum vinnumarkaði. Í ákvæðinu sagði að

gerðardómur skyldi, eftir því hvor leiðin yrði valin, leggja mat á það með hvaða hætti kjör skyldu útfærð í heildstæðum kjarasamningi.

- 10 Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laganna kvað gerðardómur upp úrskurð 17. febrúar 2021 um kaup og kjör félagsmanna stefnanda. Með uppkvaðningu úrskurðarins tók gildi nýr kjarasamningur milli aðila, með gildistíma frá 1. febrúar 2021 til 31. mars 2023.
- 11 Í forsendum úrskurðarins kemur fram að orðalag 1. mgr. 3. gr. laga nr. 122/2020 um að gerðardómurinn skuli „leggja mat á það með hvaða hætti kjör verða útfærð í sérstökum kjarasamningi“ verði ekki skilið með öðrum hætti en svo að gerðardómi beri að gera kjarasamning frá grunni á grundvelli niðurstöðu sinnar. Segir síðan í úrskurðinum að aðilar hafi báðir lagt fram drög að heildstæðum kjarasamningi, hvor með sínu sniði og haldi báðir fast við að gerðardómurinn styðjist við þeirra samningsform við gerð kjarasamningsins.
- 12 Gerðardómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að nota frekar það samningsform sem samninganefnd stefnda hafði lagt fram og laga nýjan kjarasamning aðila að því formi. Í úrskurðinum er rakið að sú niðurstaða fái einnig stoð í ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 122/2020 um að útfærsla kjarasamnings skuli vera í samræmi við fyrirkomulag annarra starfsstétta hjá Landhelgisgæslunni, að teknu tilliti til inntaks starfa og rekstrarumhverfis.
- 13 Í X. kafla forsendna úrskurðarins er síðan fjallað um vörpun milli samningsforma og helstu efnisbreytingar. Er þar vikið að því að uppbygging samningsins sem samninganefnd vinnur eftir sé í mörgum atriðum frábrugðin því formi sem samningar aðila hafi byggst á í seinni tíð. Í framhaldinu segir í úrskurðinum að við vörpun ýmissa samningsatriða á milli þessara samningsforma þurfi að gæta að því að samningsbundin réttindi haldi sér, eftir því sem unnt er. Kemur þar fram að þetta hafi gerðardómur reynt að megni „en engu að síður [sé] ákvörðun hans sjálfstæður kjarasamningur og án tenginga við eldri samninga aðila, sem allir falla nú úr gildi ásamt öllum viðaukum, bókunum og öðru sem þeim fylgja og hafa fylgt.“
- 14 Í ákvæði 2.1 nýs kjarasamnings sem gerðardómurinn kvað á um segir að fastur vinnustaður flugvirkja sé á varanlegum starfsstöðvum Landhelgisgæslu Íslands. Í beinu framhaldi af þessu ákvæði er síðan fjallað um lengd vinnuviku starfsmanna í fullu starfi, útfærslu vinnutíma og heimildir til að semja við einstaka starfsmenn um tilflutning vinnuskyldu. Í ákvæði 2.1.2 nýja kjarasamningsins segir síðan að „heimilt [sé] að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila.“
- 15 Í nýja kjarasamningnum er ekki að finna samsvarandi ákvæði og áður voru í 9. kafla eldri kjarasamnings aðila um ferðalög, staðsetningu og aðsetursskipti flugvirkja. Í ákvæði 1.4.3 nýja kjarasamningsins segir aftur á móti að sé „yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd samkvæmt tímareikningi, [skuli] semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi starfsmann.“ Þá segir í ákvæði 1.4.4 kjarasamningsins að

heimilt sé að „semja sérstaklega um fasta yfirvinnu vegna þeirra sértæku verkefna sem fylgja starfi flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni“.

- 16 Fjallað er um ferðir erlendis í ákvæði 2.4.3.4 nýja kjarasamningsins um frávik frá hvíldartíma vegna utanferða. Segir þar að almennt skuli haga skipulagi vinnu flugvirkja erlendis með þeim hætti að samanlagður ferðatími flugvirkja í áhöfn til áfangastaðar erlendis og vinnutími á verkstað fari ekki umfram samfelldar 13 klukkustundir. Við sérstakar aðstæður, t.d. þegar bjarga þarf verðmætum eða tryggja nauðsynlegt öryggi, geti verið óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma. Komi sú staða upp skuli viðkomandi flugvirki hafa ákvörðunarvald um hvenær nauðsynleg hvíld sé tekin í samræmi við önnur ákvæði í þessum kafla.
- 17 Í 5. kafla nýja kjarasamningsins er síðan fjallað um ferðir og gistingu. Er fjallað sérstaklega um ferðatíma erlendis í ákvæði 5.5. Segir þar að þegar starfsmaður fari utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skuli greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með þeim hætti sem lýst er í ákvæði 5.5.1. Kemur meðal annars fram í ákvæðinu að sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skuli starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagstundum á 33,33% álagi samkvæmt ákvæði 1.5.1 fyrir hvert tilvik. Samkvæmt ákvæðinu nemur samsvarandi greiðsla á almennum og sérstökum frídögum sex álagsstundum á 55% álagi án tillits til þess hvenær dags flugið er. Þá segir í ákvæðinu að heimilt sé að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 33,33% álag jafngildi 20 mínútna fríi og 55% álag jafngildi 33 mínútna fríi.
- 18 Af gögnum málsins og skýrslutökum fyrir dómi verður ráðið að þegar úrskurður gerðardóms var kveðinn upp 17. febrúar 2021 hafi þegar verið ráðgert að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni færu utan til verkefna á vegum stofnunarinnar erlendis, nánar tiltekið til eftirlitsverkefna á vegum Frontex, landamæra- og strandgæslu Evrópusambandsins, á grundvelli samstarfssamnings Landhelgisgæslunnar og Frontex.
- 19 Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn Júlíus Ævarsson, flugvirki hjá Landhelgisgæslunni og trúnaðarmaður, svo og þeir Helgi Rafnsson og Árni Freyr Sigurðsson, báðir flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni. Einnig komu fyrir dóminn Höskuldur Ólafsson, tæknistjóri og yfirmaður flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni, sem og Svanhildur Sverrisdóttir, mannauðsstjóri Landhelgisgæslunnar, og Pétur Jónasson, sem var formaður samninganefndar ríkisins í kjaraviðræðum aðila árið 2020.
- 20 Í skýrslu Svanhildar sagði að farið hafi verið yfir það í starfsviðtölum við umsækjendur um starf flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni um árabíl að þeir gætu þurft að starfa erlendis. Þetta atriði væri þó ekki sett inn í ráðningarsamninga. Í skýrslu Árna Freys Sigurðssonar fyrir dóminum kom einnig fram að rætt hefði verið um verkefni á vegum Frontex í starfsviðtali hans hjá Landhelgisgæslunni en þó tekið fram að þau væru tímabundin.

- 21 Um störf flugvirkja á vegum Frontex sagði í skýrslu Höskuldar fyrir dóminum að flugvirki færi alltaf með sem hluti af áhöfn loftfars í þessi verkefni en viðmiðið væri að hver ferð tæki um þrjár vikur í senn. Hver flugvirki færi að jafnaði um þrisvar til fimm sinnum á ári.
- 22 Vitnum fyrir dóminum bar saman um að óvissa hafi verið hjá flugvirkjum Landshelgisgæslunnar um greiðslur og kjör fyrir eftirlitsverkefni af þessum toga í kjölfar úrskurðarins. Mun Höskuldur því hafa átt samtalið við Helga Rafnsson, flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni og í kjölfarið hafi flugvirkjar hjá Landshelgisgæslunni átt fund með Höskuldi og Svanhildi Sverrisdóttur, mannauðsstjóra Landhelgisgæslunnar að morgni föstudagsins 19. febrúar 2021.
- 23 Í kjölfar fundarins mun mannauðsstjóri Landhelgisgæslunnar hafa sent flugvirkjum hjá stofnuninni tölvupóst eftir hádegi sama dag. Í tölvupóstinum, sem bar heitið „Tillaga að samkomulagi um erlend leiguverkefni“ kemur fram að Landhelgisgæslan telji sér fært að bjóða flugvirkjum samkomulag um leiguverkefni erlendis sem taki mið af samkomulagi í stofnanasamningi skipstjórnarmanna. Í tölvupóstinum er síðan rakið að helstu atriði í samkomulaginu séu ávinnsla frídaga fyrir laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga sem hægt sé að taka út eða semja um að fá greidda. Þá sé föst yfirvinna fyrir hvert eftirlitsflug og fyrir hverja lotu erlendis, hvort tveggja aukalega umfram unna yfirvinnu.
- 24 Í málinu liggur fyrir óundirritað skjal sem ber heitið „Viðauki“ en þar kemur fram að Landhelgisgæsla Íslands og flugvirkjar sem starfa við loftför Landhelgisgæslunnar í leiguverkefnum erlendis geri með sér samkomulag sem gildi um vinnu flugvirkja Landhelgisgæslunnar í leiguverkefnum erlendis.
- 25 Í skjalinu kemur meðal annars fram að fyrir hvern laugardag, sunnudag og sérstakan frídag sem dvalið er erlendis í leiguverkefni skuli koma inn frídagur á móti. Þá segir þar að heimilt sé með samþykki beggja aðila að greiða út hluta eða alla þá frídaga sem flugvirki ávinnur sér á tímabilinu og að hámarksdöl flugvirkja í verkefnum erlendis skuli vera 21 dagur á hverjum 30 dögum að ferðadögum til og frá Íslandi meðtöldum. Einnig er í skjalinu kveðið á um greiðslu yfirvinnustunda til flugvirkja og að þegar flugvirki dvelji erlendis vegna vinnu sinnar lengur en fimm daga skuli ekki valið hótél/íbúð undir fjórum stjörnum að einkunn. Flugvirki skuli hafa einkaaðgang að herbergi.
- 26 Skýrslum Helga Rafnssonar, Höskuldar Ólafssonar og Svanhildar Sverrisdóttur ber saman um að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni hafi verið boðnar greiðslur fyrir erlend verkefni á grundvelli þessa óundirritaða viðauka sem vikið var að hér að framan og þeir hafi fengið þær greiðslur greiddar. Í skýrslu Höskuldar og Svanhildar kom fram að þau hefðu hvorugt litið á umræddar greiðslur sem hluta af kjarasamningi.
- 27 Trúnaðarmaður flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni, Júlíus Ævarsson, sendi mannauðsstjóra Landhelgisgæslunnar tölvubréf 22. febrúar 2021 þar sem hann greindi

stefnda frá því að flugvirkjar hafni því að gera samkomulag um verkefnið, enda hefðu þeir ekki heimild til þess að semja við stefnda beint um kjör flugvirkja í erlendum verkefnum. Var að því leyti vísað til ákvæðis 2.1.2 í nýjum kjarasamningi aðila.

- 28 Mannauðsstjóri Landhelgisgæslunnar svaraði þessum tölvupósti samdægurs. Í svarinu, sem sent var með tölvupósti, er lýst því viðhorfi að úrskurður gerðardóms sé endanlegur, heildstæður og náí til allra kjara flugvirkja hjá stofnuninni. Landhelgisgæslan eigi þar af leiðandi ekkert frekar að aðhafast en að hún hafi viljað gera betur varðandi Frontex verkefnin en kjarasamningurinn mælir fyrir um og almennt gildir um opinbera starfsmenn. Þá segir einnig í tölvupósti mannauðsstjóra að Landhelgisgæslunni beri engin skylda til þess og hún muni ekki beina neinum atriðum eða tilboðum til stefnanda. Í tölvupóstinum kemur síðan fram að Landhelgisgæslan muni ekki bera afmarkaða samninga um greiðslur umfram kjarasamning undir stefnanda, enda sé ekki um kjarasamningsviðræður að ræða.
- 29 Næsta dag, 23. febrúar 2021, ritaði formaður stefnanda forstjóra stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, bréf vegna málsins með ábendingu um meint brot á kjarasamningi, þar sem þar sem rakið er að stofnunin geti ekki skipað flugvirkjum í ferðir án þess að fyrir liggja samningur þess efnis milli hennar og stefnanda.
- 30 Hófust þá bréfaskipti milli stefnda, Landhelgisgæslu Íslands og stefnanda sem lauk með bréfi, dags. 20. apríl 2021, þar sem kröfum stefnanda var hafnað.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 31 Stefnandi kveðst reisa stefnukröfur á því að stefndi hafi með fyrirmælum til flugvirkja stefnda um að fara á vegum stefnda til starfa erlendis og með því að hafa sent þá til vinnu erlendis, brotið í bága við ákvæði 2.1 í kjarasamningi aðila, þar sem vikið hafi verið með þessu frá fyrirmælum samningsákvæðisins um að fastur vinnustaður flugvirkja sé á varanlegum starfsstöðvum Landhelgisgæslu Íslands. Skilyrði til frávika frá kjarasamningsreglunni hafi ekki verið uppfyllt og því hafi stefndi með framangreindum fyrirmælum sínum og ákvörðunum án nokkurs samráðs við stefnanda, brotið gegn ákvæði 2.1.2 í kjarasamningi aðila.
- 32 Stefnandi kveðst byggja á því að reglan í ákvæði 2.1 í kjarasamningi aðila sé í samræmi við orðanna hljóðan ljós og skýr um að fastur vinnustaður flugvirkja sé á þeim starfsstöðvum stefnda sem séu varanlegar. Staðsetning vinnustaðar og starfsstöðvar sé hluti af starfskjörum flugvirkja. Eina varanlega starfsstöð stefnda sé í Reykjavík. Vinnustaður erlendis sé ekki meðal þeirra. Samkvæmt þessu sé föst vinnustöð flugvirkja stefnda starfsstöð stefnda í Reykjavík. Vinnustaður erlendis geti því ekki verið fastur vinnustaður flugvirkja stefnda.
- 33 Stefnandi vekur athygli á því að rík ástæða sé fyrir því að regla þessa efnis sé í kjarasamningi. Staðsetning vinnustaðar sé grundvallaratriði í starfskjörum og ráðningarsamböndum, og því sé mælt fyrir um þá meginreglu í tilviki flugvirkja stefnda. Að stefndi hafi gefið flugvirkum stofnunarinnar fyrirmæli um að fara utan til

vinnu á vegum stofnunarinnar og að flugvirkjarnir hafi verið sendir utan í því skyni, feli í sér ótvíræð brot á kjarasamningsákvæðinu. Stefnandi telur að í slíkum ferðum hafi falist að vinnustaður flugvirkja yrði eðli máls samkvæmt ekki varanleg starfsstöð stefnda, eins og mælt sé fyrir um í samningsákvæðinu, heldur áfangastaður flugvirkja í útlöndum þar sem þeim sé gert að vinna á vegum stefnda.

- 34 Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi framið brotin gegn kjarasamningsreglunum, en fjórum flugvirkjum stefnda hafi verið veitt fyrirmæli um að fara utan til vinnu á vegum stofnunarinnar og þeir hafi nú þegar allir farið þær vinnuferðir á vegum stefnda. Sá fyrsti hafi farið í vinnuferð á vegum stefnda 25. febrúar til 15. mars 2021, annar á tímabilinu 12. til 29. mars 2021, sá þriðji 29. mars til 21. apríl 2021 og sá fjórði 29. mars til 2. apríl 2021.
- 35 Stefnandi kveðst ekki hafa upplýsingar um að neitt samkomulag hafi verið gert milli flugvirkja og Landhelgisgæslunnar um greiðslur fyrir vinnu í ferðunum. Brot stefnda séu því augljóslega yfirstandandi og hafi átt sér stað þrátt fyrir að stefnandi hafi áður áminnt stefnda um að virða ákvæði kjarasamnings sem kröfur stefnanda byggjast á.
- 36 Stefnandi reisir stefnukröfur sínar einnig á því að stefndi hafi með athöfnum sínum og fyrirmælum til flugvirkja brotið í bága við ákvæði 2.1.2 í kjarasamningi aðila. Samkvæmt reglunni sé heimilt að haga vinnu með öðrum hætti en í sama kafla kjarasamningsins greini með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila.
- 37 Stefnandi bendir á að regla 2.1 sé hluti af þeim kafla kjarasamningsins sem ákvæði 2.1.2 eigi við um. Af því leiði að í reglu 2.1.2 felist undanþáguheimild frá reglu 2.1, þ.e. að heimilt sé að víkja frá þeirri reglu að fastur vinnustaður flugvirkja sé á varanlegum starfsstöðvum Landhelgisgæslu Íslands, en einungis að uppfylltum þeim skilyrðum að samkomulag þess efnis komist á milli starfsmanna og forráðamanna stofnunar og einnig að fyrir liggji skriflegt samþykki samningsaðila kjarasamnings, sem séu stefnandi og stefndi, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.
- 38 Í ljósi þess að staðsetning vinnustaðar sé grundvallaratriði varðandi starfskjör telur stefnandi að af því leiði að hvers kyns breytingar á vinnustað og starfsstöð séu grundvallar breytingar á starfskjörum og á ráðningarsambandi. Þegar af þeirri ástæðu séu lögð svo ströng skilyrði fyrir breytingum þar að lútandi, svo sem mælt sé fyrir um í gr. 2.1.2 í kjarasamningi. Brot stefnda felist því ekki eingöngu í því að víkja frá reglu 2.1 í kjarasamningi, heldur einnig að fara á svig við reglu 2.1.2 í samningnum með því að afla ekki skriflegs samþykkis og gera það samkomulag sem liggja verði fyrir til þess að unnt sé að víkja frá ákvæðum kaflans í kjarasamningi.
- 39 Stefnandi byggir á því að stefndi hafi í engu aflað tilskilins samþykkis stefnanda sem aðila kjarasamnings. Ekkert samráð hafi verið viðhaft við stefnanda sem aðila kjarasamnings og erindum flugvirkja, stefnanda og lögmanns stefnanda hvað málið varði ekki svarað af hálfu stefnda fyrr en málshöfðun hafði verið boðuð. Þá hafi

samkomulag ekki heldur tekist milli starfsmanna og forráðamanna stofnunar um hið sama, sbr. sama kjarasamningsákvæði. Af atvikum málsins sé hins vegar ljóst að stefndi hafi lagt að flugvirkjum stefnda að starfa utan varanlegra starfsstöðva stefnda án skriflegs samkomulags þar um samkvæmt kjarasamningsákvæðinu. Stefndi hafi ekki geta skipað flugvirkjum í ferðir án þess að samningsákvæðið hafi verið uppfyllt að öllu leyti.

- 40 Stefndandi telur að brot stefnda gagnvart ákvæðum kjarasamnings séu sýnu alvarlegri með vísan til ábendinga flugvirkja, stefnanda og lögmanns stefnanda í erindum til stefnda um að stefnda væri skylt að fylgja ákvæðum gr. 2.1 og 2.1.2 og þ.m.t. leita eftir samþykki stefnanda, enda væri flugvirkjum stefnda ekki heimilt einum að semja við stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, hvað þetta varðar. Hafi trúnaðarmaður flugvirkja hjá stefnda m.a. í erindi sínu til stefnda 22. febrúar 2021 bent stefnda á að beina erindi sínu til stéttarfélagsins, þ.e. stefnanda, en ekki til einstakra flugvirkja þar sem slíkt bryti í bága við úrskurð gerðardóms og kjarasamning. Stefndi hafi í engu orðið við þeirri ábendingu.
- 41 Stefndandi telur að Landhelgisgæsla Íslands hafi skellt skollaeyrum við áminningum og viðvörðunum hans, m.a. fyrir tilstilli trúnaðarmanns hans og síðar lögmanns, um að aðilar kjarasamnings yrðu að semja um vinnu flugvirkja erlendis, svo sem ljóst sé af ákvæði gr. 2.1.2 í kjarasamningi, sbr. einnig gr. 2.1. Hafa verði í huga að flest ef ekki öll umrædd erindi til stefnda hafi komið fram áður en umræddum flugvirkjum hafi verið gefin fyrirmæli af hálfu stefnda um að fara erlendis til vinnu.
- 42 Stefndandi kveðst í þessu sambandi vekja athygli á því að svar mannauðsstjóra stefnda, Landhelgisgæslu Íslands, til trúnaðarmanns, dags. 22. febrúar 2021, sýni fram á að stefndi hafi haft ásetning til þess að sniðganga skyldur sínar samkvæmt ákvæði gr. 2.1.2, enda sé það bréf svar við erindi trúnaðarmanns sem hafði áður þegar bent stefnda á skyldur samkvæmt téðu ákvæði. Drög að samkomulagi sem mannauðsstjóri stefnda hafi sent einstökum flugvirkjum stefnda í tölvupósti 19. febrúar 2021, beri einnig vott um slíkan ásetning, en af þeim drögum sé ljóst að stefndi hafi ekki ætlað aðilum kjarasamnings að verða aðilar að samkomulaginu.
- 43 Þá kveðst stefndandi einnig byggja á því að tilraunir stefnda, Landhelgisgæslu, um að reyna að ná samkomulagi eingöngu við flugvirkja stofnunarinnar, en sniðganga skyldu til að hafa samráð við og að afla samþykkis stefnanda leiði í ljós að stefnda hafi verið fullkomlega ljóst að stofnuninni bæri að semja um breytingar á vinnustað og jafnframt að stofnuninni bæri að leita samkomulags og samþykkja aðila kjarasamnings fyrir frávikum frá ákvæði 2.1 í kjarasamningi. Þá kveðst stefndandi vísa til þess að á fundi stefnda, Landshelgisgæslunnar, með stefnanda þann 24. mars 2021, hafi komið fram að stofnunin hafði ekki leitað til stefnda, fjármála- og efnahagsráðherra, á fyrri stigum málsins. Í framhaldi af þeim fundi hafi stofnunin leitað eftir viðbrögðum þaðan.

- 44 Stefnandi gerir einnig þá dómkröfu að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar svo sem lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur leyfa, sbr. 65. gr. laganna, vegna brota stefnda á ákvæðum kjarasamnings. Stefnandi kveðst álíta að gögn málsins leiði í ljós að stefndi hafi haft ásetning til þeirra brota sem hann hafi framið og dómkröfur snúi að, enda styðji ekkert í ákvæðum kjarasamnings framferði stefnda, Landhelgisgæslu, í málinu. Allt að einu hafi stefndi ákveðið að grípa til hinna ólögmatu aðgerða gagnvart flugvirkjum, að senda þá í trássi við reglur kjarasamnings til vinnu í útlöndum og gefa út fyrirmæli um það. Brot stefnda séu því mun alvarlegri en ella af þessum sökum og öll skilyrði til þess að dæma stefnda til greiðslu sektar þegar af þeirri ástæðu.
- 45 Af hálfu stefnanda er að auki vísað til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar og kröfuréttar. Vísar stefnandi til ákvæða kjarasamnings aðila, sbr. kjarasamning samkvæmt úrskurði gerðardóms frá 17. febrúar 2021. Stefnandi vísar til ákvæða laga nr. 122/2020, um kjaramál flugvirkja Landhelgisgæslu Íslands, laga nr. 52/2006, um Landhelgisgæslu Íslands, laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þá er vísað til laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, IV. kafla um Félagsdóm, þ.m.t. 44. gr., að því er varði lögsögu dómsins. Einnig sé vísað til laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og til laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við eigi.
- 46 Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði byggir á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og til að tryggja skaðleysi sitt sé honum nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 47 Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda sem röngum og órökstuddum og krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda
- 48 Stefndi vísar til þess að stjórnun og starfsmannahald ríkisstofnana sé í höndum hlutaðeigandi forstöðumanns. Heimildir hans í þessum efnum byggja fyrst og fremst á ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og hinni óskráðu meginreglu vinnuréttarins um stjórnunarrétt vinnuveitanda. Þá kunni sérákvæði laga um hlutaðeigandi stofnun eða starfsstétt einnig að skipta máli.
- 49 Í reglunni um stjórnunarrétt vinnuveitanda felist valdheimildir til að stýra og stjórna starfsemi innan þeirra marka sem lög og samningar setji. Stjórnunarheimildir forstöðumanns lúti meðal annars að ákvörðunum um skipulag vinnunnar, hvaða verk skuli vinna, hver skuli vinna þau, með hvaða hætti, hvenær og hvar. Ákvarðanir sem teknar séu dags daglega um störf og verksvið einstakra starfsmanna rúmist jafnan innan þeirra heimilda sem felist í reglunni um stjórnunarrétt vinnuveitanda.

- 50 Vinnutími og vinnufyrirkomulag fari eftir hlutverki stofnunar og þörfum viðkomandi starfsemi. Forstöðumaður ákveði vinnutíma starfsfólks með tilliti til hlutverks stofnunar og ákvæða laga og kjarasamninga. Forstöðumaður hafi því endanlegt ákvörðunarvald um vinnutíma starfsmanna að því marki sem lög og kjarasamningar leyfi, sbr. 17. gr. laga nr. 70/1996. Þá beri starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1996.
- 51 Stefndi telur það falla undir stjórnunarheimildir forstjóra að ákvarða það hvaða verkefnum starfsmönnum sé falið að vinna innan þeirra marka sem ráðningarsamningur þeirra kveði á um með hliðsjón af eðli verkefna hverju sinni og með hagsmuni stofnunarinnar í huga. Hið sama gildi um það hvar vinna skuli innt af hendi.
- 52 Þátttaka í Frontex-verkefnum erlendis sé að mati stefnda hluti lögbundinna verkefna Landhelgisgæslunnar en þátttaka flugvirkja í þeim verkefnum hafi verið tilgreind í starfsauglýsingum um viðkomandi störf frá árinu 2010. Þeir flugvirkjar stofnunarinnar sem hófu störf fyrir 2010 hafi enn fremur tekið þátt í þessum verkefnum án athugasemda. Það hafi því skapast rík hefð fyrir þátttöku þeirra flugvirkja í Frontex-verkefnum sem hafi tilskilin réttindi til að sinna viðhaldi eftirlitsflugvélarinnar.
- 53 Landhelgisgæslan hafi aldrei litið svo á að í því felist breyting á föstum vinnustað starfsmanna að þeir séu sendir tímabundið til að sinna tilteknum verkefnum erlendis, enda sé jafnan um skamman tíma að ræða í senn. Í Frontex-verkefnum séu þetta um þrjár vikur í senn. Stefndi fellst ekki á að gildandi kjarasamningur milli málsaðila leiði til þess að nú beri að líta á tímabundin verkefni erlendis sem breytingu á föstum vinnustað flugvirkja stofnunarinnar.
- 54 Stefndi kveðst byggja á því að um vinnutíma opinberra starfsmanna, sem starfi samkvæmt kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra gerir f.h. ríkisjóðs, sé alla jafna fjallað í 2. kafla kjarasamnings. Almenn ákvæði um vinnutíma sé þar að finna í kafla 2.1. Þar segi til að mynda að vinnuvikan sé 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið, sbr. ákvæði 2.1.1.
- 55 Ákvæði 2.1.1 og 2.1.2 séu að meginstefnu til samhljóma í þeim kjarasamningum sem íslenska ríkið hafi gert og sé að því leytinu miðlægt ákvæði en ekki sértækt ákvæði um flugvirkja. Ákvæði 2.1.2 sem ágreiningur málsins lúti meðal annars að sé heimildarákvæði í kjarasamningi sem feli það í sér að forstöðumenn og starfsmenn geti með samþykki samningsaðila hagað vinnu með öðrum hætti en greinir í 2. kafla. Hafi þetta ákvæði meðal annars verið nýtt við innleiðingu á „betri vinnutíma“ hjá stofnunum þar sem samtali eigi sér stað um útfærslu vinnutíma í allt að 36 virkar vinnustundir, sbr. 2. málslið. ákvæðis 2.1.1.
- 56 Stefndi telur að ákvæði 2.1.2 sé alls ótengt fyrirmælum sem stofnun gefi starfsmönnum sínum um hvaða verk skuli vinna, hver skuli vinna þau, með hvaða

hætti, hvenær og hvar, sbr. 15. gr. laga nr. 70/1996, sbr. einnig hin óskráðu meginreglu um stjórnunarrétt vinnuveitanda.

- 57 Stefndi mótmælir alfarið málatilbúnaði stefnanda um að Landhelgisgæslan hafi hagað vinnu flugvirkja sinna í ósamræmi við kjarasamning án þess að fyrir lægi samkomulag þar um og skriflegt samþykki samningsaðila og þar með brotið gildandi kjarasamning. Ekki hafi verið vikið frá ákvæði 2.1 í kjarasamningi með því að senda flugvirkja stofnunarinnar til starfa erlendis, enda hafi það ekki falið í sér breytingu á föstum vinnustað flugvirkja. Verkefni erlendis feli einungis í sér tímabundna breytingu á vinnustað en ekki breytingu á föstum vinnustað. Af þeim sökum hafi stofnuninni ekki verið skylt að gera sérstakt samkomulag við starfsmenn með samþykki samningsaðila.
- 58 Í þeim tilvikum þegar ákvæði 2.1.2 verði virkt þá sé samkvæmt orðanna hljóðan kveðið á um að starfsmenn og forráðamenn geri með sér samkomulag. Slíkt samkomulag þurfi síðan að hljóta skriflegt samþykki samningsaðila. Ekki sé kveðið á um að samningsaðilar þurfi að koma að gerð samkomulagsins frá upphafi þó að eðlilegt sé að starfsmenn geti kallað eftir aðstoð síns stéttarfélags ef þeir svo kjósi. Það sé hins vegar ekki skylda forráðamanna stofnunarinnar að semja beint við stéttarfélög um atriði sem ákvæði 2.1.2 taki til.
- 59 Stefndi kveðst byggja á því að þegar starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, þ.á m. flugvirkjar, séu sendir utan til vinnu í lögbundin verkefni, sé ekki verið að breyta fastri vinnustöð þeirra, sbr. ákvæði 2.1. Þvert á móti sé föst vinnustöð þeirra óbreytt, sem leiði til þess að önnur ákvæði kjarasamnings virkjist eins og t.d. dagpeningar, óhagræðisgreiðslur vegna ferða erlendis, farangurstrygging o.s.frv. Málsástæða stefnanda um að sértækt samkomulag þurfi að liggja fyrir milli samningsaðila svo hægt sé að senda félagsmenn stefnanda í ferðir á vegum vinnu sinnar erlendis sé því efnislega röng.
- 60 Stefndi telur að ef túlka ætti ákvæðið líkt og stefnandi krefst viðurkenningar á þá gætu félagsmenn þeirra einungis sinnt verkefnum á föstum vinnustað sem sé á varanlegum starfstöðvum Landhelgisgæslunnar en ekki á starfsvæði Landhelgisgæslunnar líkt og það sé skilgreint í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006, nema samið yrði sérstaklega um annað. Slíkt gangi eðli máls samkvæmt ekki upp og sé hvorki í samræmi við gildandi lög né samninga.
- 61 Jafnframt meggi að mati stefnda ekki ráða af úrskurði gerðardóms að það hafi verið ætlun þeirra að úrskurða í samræmi við þá túlkun sem stefnandi byggir mál sitt á enda sé hvergi fjallað um umrætt ákvæði í forsendum gerðardóms né niðurstöðu hans.
- 62 Í IX. kafla úrskurðar gerðardóms sé fjallað um val á samningsformi. Þar hafi gerðardómur komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að lögum að kjarasamningur stefnanda vegna Landhelgisgæslunnar taki sjálfkrafa mið af kjarasamningi við þriðja aðila og með tilliti til þess að það samningsform, sem stefnandi hafi lagt til, hafi átt

rætur sínar einmitt í slíkri tengingu, hafi það verið niðurstaða gerðardómsins að nota samningsform ríkisins.

- 63 Að mati stefnda komi skýrt fram í X. kafla úrskurðar gerðardóms að ákvörðun hans sé sjálfstæður kjarasamningur og án tenginga við eldri samninga aðila, sem allir falli úr gildi ásamt öllum viðaukum, bókunum og öðru sem þeim fylgi eða hafi fylgt.
- 64 Kjarasamningur aðila sé því heildstæður kjarasamningur sem taki á öllum kjörum flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands. Í 2. kafla kjarasamningsins sé fjallað um vinnutíma en ekki greiðslur vegna ferða erlendis. Kveðið sé á um greiðslur fyrir ferðir starfsmanna erlendis á öðrum stað í kjarasamningnum, í 5. kafla hans.
- 65 Í 5. kafla sé kveðið á um greiðslur og dagpeninga fyrir ferðir og gistingu innanlands sem utan. Enn fremur sé í ákvæði 5.5 kveðið á um óhagræðisgreiðslu vegna ferða erlendis. Í þessum kafla sé tekið á því með tæmandi hætti hvaða greiðslur eigi að koma til vegna ferða erlendis, líkt og í kjarasamningum annarra opinberra starfsmanna, og ekki gert ráð fyrir frekari greiðslum.
- 66 Í niðurlagi úrskurðar gerðardóms komi það enn fremur fram að um sé að ræða heildarkjarasamning. Um greiðslur fyrir ferðakostnað og gistingu segir í 8. tölulíð X. kafla úrskurðarins að ákvæðum um ferðakostnað og gistingu sé komið í sama horf og gildi um aðra ríkisstarfsmenn. Þá segi þar að eldra ákvæði um sætabókun á Saga-Class sé fallið niður líkt og aðrar eldri bókanir.
- 67 Stefndi vísar til þess að ákvæði 2.1 sem mæli fyrir um fasta vinnustöð komi til vegna vörpunar í nýtt samningsform. Það kunnir að vera að umrædd grein hefði átt betur heima annars staðar í kjarasamningi en í vinnutímakafla hans, til þess að koma í veg fyrir rangtúlkanir líkt og túlkun stefnanda beri með sér. Þrátt fyrir það sé að mati stefnda alveg ljóst, með vísan til framangreinds, að umrædd breyting á kjarasamningi, þ.e. vörpun í hið almenna kjarasamningsform hins opinbera, leiði ekki til skerðingar á stjórnunarrétti forstöðumanns líkt og virðist gengið út frá í kröfugerð stefnanda, enda sé slíkur réttur ekki á forræði stéttarfélags.
- 68 Að því er varðar kröfu stefnanda um að stefndi greiði sekt samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938 byggir stefndi á að sektir samkvæmt ákvæðinu renni í ríkissjóð, sbr. 70. gr. laganna og verði þær aðeins dæmdar fyrir brot á lögnum. Í lögnum sé ekki að finna heimild til að dæma sektir fyrir brot á kjarasamningi.
- 69 Stefndi krefst sýknu af kröfu stefnanda um greiðslu sektar á grundvelli 65. gr. laga nr. 80/1938, óháð því hver niðurstaða Félagsdóms verði um túlkun þeirra ákvæða kjarasamnings aðila sem ágreiningur sé um, enda séu skilyrði til að dæma stefnda til greiðslu sektar í engu uppfyllt.
- 70 Stefndi bendir í fyrsta lagi á að lög nr. 80/1938 heimili ekki sektir fyrir brot á kjarasamningi, hvað þá þegar ágreiningurinn sé um túlkun. Stefndi telur alveg ljóst að jafnvel þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi rangtúlkað þau ákvæði

kjarasamnings aðila sem hér séu til umfjöllunar, verði sú háttsemi ekki heimfærð undir ákvæði laganna.

- 71 Í öðru lagi bendir stefndi á að stefnandi hafi í stefnu ekki með neinum hætti gert tilraun til að heimfæra háttsemi stefnda undir ákvæði laga nr. 80/1938, sem geri stefnda verulega erfitt fyrir að taka til varna. Málsástæður að baki þessari kröfu stefnda séu því verulega vanreifðar.
- 72 Í þriðja lagi mótmælir stefndi því alfarið sem haldið sé fram í stefnu að stefndi hafi haft ásetning til að brjóta gegn ákvæðum kjarasamnings. Með vísan til málsástæðna stefnda sem reifaðar séu hér að framan sé ljóst að Landhelgisgæsla Íslands hafi talið að þar sem ekki væri verið að breyta vinnutíma eða föstum vinnustað flugvirkja stofnunarinnar væri ekki þörf á að gera sérstakt samkomulag um erlend verkefni og því ekki þörf á samþykki eða annarri aðkomu samningsaðila kjarasamningsins.
- 73 Af hálfu stefnda er því að lokum mótmælt að stefndi, íslenska ríkið, geti átt kröfu um greiðslu sektar á hendur sjálfu sér, en slík krafa myndi stofnast ef fallist yrði á þessa kröfu stefnanda. Með slíkri niðurstöðu gæti sú staða komið upp, ef stefndi léti hjá líða að efna skyldur sínar samkvæmt dóminum, að hann þyrfti að sækja fullnustu dómsins á hendur sjálfum sér.
- 74 Um málskostnaðarkröfu stefnda vísar stefndi til 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða

- 75 Ágreiningur aðila lýtur að túlkun ákvæðis 2.1 og 2.1.2. í kjarasamningi aðila eins og hann var ákveðinn með úrskurði gerðardóms frá 17. febrúar 2021 á grundvelli laga nr. 122/2020, um kjaramál flugvirkja Landhelgisgæslu Íslands. Samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 2. gr. þeirra laga skulu ákvarðanir gerðardóms vera bindandi með sama hætti og kjarasamningur á milli aðila og gilda þann tíma sem gerðardómur ákveður. Ljóst er að úrskurður gerðardóms felur því í sér gildandi kjarasamning milli aðila málsins. Málið á því undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 76 Í ákvæði 2.1 segir orðrétt að „[f]astur vinnustaður flugvirkja [sé] á varanlegum starfsstöðvum Landhelgisgæslu Íslands.“ Í ákvæði 2.1.1 er síðan fjallað um að vinnuvika starfsmanna í fullu starfi skuli vera 40 vinnustundir nema samið sé sérstaklega um skemmri vinnutíma. Í ákvæði 2.1.2 segir síðan: „Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila.“ Í kjölfarið segir að samningsaðilum sé heimilt að semja um rýmkun vinnutíma á virkum dögum, umfram þau tímamörk sem um getur í ákvæði 2.2.1.
- 77 Við túlkun þessara ákvæða kjarasamningsins er að mati dómsins ekki unnt að líta framhjá því að í öðrum ákvæðum kjarasamningsins er bersýnilega gert ráð fyrir því

að félagsmenn stefnanda sem falla undir samninginn sinni störfum erlendis. Þannig er í ákvæði 1.4.3 gengið út frá því að félagsmenn stefnanda sinni yfirvinnu fjarri föstum vinnustað sem skuli þá annaðhvort greidd samkvæmt tímareikningi eða á grundvelli fyrirfram samkomulags við viðkomandi starfsmann um greiðslu.

- 78 Þá er í ákvæði 2.4.3.4 kjarasamningsins kveðið sérstaklega um þá skyldu Landhelgisgæslunnar að haga almennt skipulagi vinnu flugvirkja erlendis með þeim hætti að samanlagður ferðatími flugvirkja í áhöfn til áfangastaðar erlendis og vinnutími á verkstað fari ekki umfram samfelldar 13 klukkustundir. Þá er í 5. kafla kjarasamningsins fjallað um greiðslu dagpeninga vegna ferðalaga erlendis ásamt þar tilgreindu álagi.
- 79 Jafnframt verður við túlkun ákvæða kjarasamningsins að horfa til þess, að í úrskurði gerðardómsins frá 17. febrúar 2021 var hafnað með afgerandi hætti sjónarmiðum stefnanda um að útfærsla kjarasamnings aðila skuli sjálfkrafa taka mið af fyrirkomulagi sambærilegra starfsstétta á almennum vinnumarkaði. Var þess í stað lagt til grundvallar að útfærsla kjarasamnings skyldi vera í samræmi við fyrirkomulag annarra starfsstétta hjá Landhelgisgæslunni, að teknu tilliti til inntaks starfa og rekstrarumhverfis, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga 122/2020, og var byggt á því í úrskurði gerðardómsins.
- 80 Af þeim sökum verður við túlkun ákvæðis kjarasamnings aðila, eins og hann var ákveðinn með úrskurði gerðardóms, að leggja til grundvallar að um starfskjör stefnda fari að þessu leyti eftir almennum reglum sem gilda um inntak starfa og rekstrarumhverfi Landhelgisgæslunnar samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/2006, um Landhelgisgæslu Íslands, sem og ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ágreiningslaust er að starfsfólk Landhelgisgæslunnar fellur undir ákvæði síðastnefndu laganna.
- 81 Í því sambandi verður enn fremur að líta til þess að Landhelgisgæslan nýtur samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 52/2006 sérstakrar lagaheimildar til að taka að sér samstarfsverkefni erlendis af því tagi sem mál þetta fjallar um, að fengnu samþykki ráðherra og að því gefnu að slíkt verkefni sé ekki það umsvifamikið að stofnunin fái ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Í málinu er ekkert komið fram um að skilyrði 2. mgr. 5. gr. séu ekki uppfyllt að þessu leyti.
- 82 Með vísan til þess hvernig lögbundið hlutverk Landhelgisgæslunnar er afmarkað samkvæmt ákvæðum laga sem og þess að forstöðumaður stofnunarinnar hefur á grundvelli almennrar stjórnunarheimildar sinnar svigrúm til að ákveða hvaða verkefnum starfsmenn hennar sinna, sbr. 38., 15. og 19. gr. laga nr. 70/1996, verður því ekki séð að almennar reglur um inntak starfa hjá Landhelgisgæslunni og rekstrarumhverfi hennar skjóti stoðum undir þau sjónarmið um túlkun ákvæðis 2.1 og 2.1.2 í kjarasamningi aðila sem stefnandi hefur vísað til í málatilbúnaði sínum.

- 83 Í samræmi við framangreint telur dómurinn ekki efni til að fallast á þau sjónarmið stefnanda að ferðir félagsmanna stefnanda til að sinna einstökum verkefnum á vegum Frontex, landamæra – og strandgæslu Evrópusambandsins, feli í sér að vikið sé frá þeim fyrirmælum ákvæðis 2.1 kjarasamningsins að fastur vinnustaður flugvirkja sé á varanlegum starfsstöðvum Landhelgisgæslu Íslands. Hefur dómurinn þá einnig litið til þess að samkvæmt því sem fram kemur í málgögnum og skýrslum fyrir dómi eru þessi verkefni tímabundin og vara ekki lengur en þrjár vikur í senn.
- 84 Samkvæmt því sem að framan er rakið verður stefndi sýknaður af aðalkröfu stefnanda um að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið í bága við gr. 2.1 og 2.1.2 í kjarasamningi milli stefnanda og stefnda, dags. 17. febrúar 2021, með því að hafa gefið tilteknum flugvirkjum Landhelgisgæslu Íslands fyrirmæli um að fara til útlanda til vinnu þar á vegum stefnda, án þess að fyrir lægi samkomulag og skriflegt samþykki samningsaðila kjarasamnings þar um.
- 85 Að því er varðar kröfu stefnanda um að stefndi eða, eftir atvikum, Landhelgisgæsla Íslands, verði dæmd til greiðslu sektar samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, þá verður ekki annað séð en að málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti byggist alfarið á því að stefndi hafi brotið gegn kjarasamningi aðila. Af því tilefni bendir dómurinn á að refsheimild 1. mgr. 70. gr. laga nr. 80/1938, er bundin við brot á þeim lögum, sjá hér dóm Félagsdóms frá 10. júní 2013 í máli nr. 6/2013.
- 86 Í ljósi ákvæðis 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar um að refsheimildir skuli vera lögbundnar, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, verður ákvæði 1. mgr. 65. gr. ekki túlkað á þann veg að það veiti stoð fyrir þeirri málsástæðu stefnanda að heimilt sé að refsa fyrir brot á kjarasamningi. Engin lagaheimild er því til að gera stefnda sekt í máli þessu og er hann því sýknaður af kröfu stefnanda.
- 87 Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið vegna Landhelgisgæslu Íslands, er sýkn af kröfum stefnanda, Flugvirkjafélags Íslands. Stefndi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Ásmundur Helgason

Guðni Á. Haraldsson

Lára V. Júlíusdóttir

Jónas Friðrik Jónsson